

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús læknar blindan mann



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen


Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Blindur maður sem hét Bartímeus,
sat við veginn nálægt Jeríkó.



Líklegt er að góðhjartað fólk sem
var gengið framhjá, hafi gefið
honum matarbita eða kannski
smápening því hann var



fátækur
betlari.



Dag nokkurn var mikil umferð, og
heyrði Bartímeus er hópur fólks
gekk framhjá.



Eitthvað óvenjulegt var að ske
og fyrr en varði skildist blinda
manninum hvað það var.



Jesús frá Nasaret var kominn í bæinn. Hópur fólks safnaðist saman til að sjá hann og heyra.





"Jesús, sonur Davíðs,
miskunna þú mér!" Hví
skyldi Bartímeus
hafa hrópað? Af
hverju hélt hann að
Jesús gæti hjálpað
honum? Kannski
að hann hafi heyrt
að Jesús hafði
læknað aðra.



Suma heyrnarlausá, suma mállausá,
suma örkuála - og suma
blinda eins og hann.

"Sonur Davíðs,
miskunna þú mér."
Hrópaði Bartímeus
aftur og aftur með
von í röddinni.






Eitt var það sem
Bartímeus var viss
um. Ef hann ekki
fengi hjálp núna,
gæti þetta verið
hans síðasta
tækifæri.
Kannski mundi
Jesús aldrei
koma þessa
leið aftur.





Hann varð að ná
sambandi við
Jesú. En
fólkið var í
veginum.
Margir
höstuðu á
hann og sögðu
honum að
pegja.





En Bartímeus hlustaði ekki, heldur hélt hann áfram að hrópa. Skyndilega nam Jesús staðar og lét kalla á hann.








"Vertu hughraustur,"
sagði fólkioð." stattu
upp, hann er að
kalla á þig."



Bartímeus reis upp, kastaði af sér
yfirhöfn sinni, og kom til Jesú.



"Hvað viltu að ég geri fyrir þig?"
spurði Jesús. Hverju mundir þú hafa
svarað? Mundir þú kannski
hafa beðið um peninga,
eða ný föt?



Nei, Bartímeus blindi vissi hvað hann vildi, og hann var ekki í neinum vafa um hvað það var.




"Drottinn, að ég fái aftur sjón
mína." Bartímeus þráði að geta séð
aftur trén, og fuglana, ...



... og alla hina dásamlegu fegurð
sköpunar Guðs. Hann vildi geta
séð aftur svo hann ekki þyrfti
að betla lengur.



Þá sagði Jesús við hann, "Far þú heill, trú þín hefur frelsað þig."



Jafnskjótt fékk hann
sjónina, og
fylgdi
Jesú.



"Jesús er undursamlegur!

Hann

hefur

læknað

mig!"

sagði

Bartímeus.



Þegar fólkið sá hvað skeð hafði,
lofsöng það Jesú.
Fólkið hafði orðið
vitni, einu sinn
enn, að hinum
undursamlega
krafti Jesú,
er hann gaf
blindum
betlara
sjón.



Jesús læknar blindan mann

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Markúsi 10, Lúkasi 18, Jóhannesi 9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

